AUGLÝSING

um aðild Íslands að Norðurlandasamningi um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna.

Hinn 24. september 1965 var danska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands að samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna frá 12. júlí 1957. Einnig var danska utanríkisráðuneytinu samtímis afhent aðildarskjal Íslands að viðbótarsamningi við þennan samning frá 20. maí 1963.

Samningarnir, sem birtir eru sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari, ganga í gildi að því er Ísland varðar, hinn 1. janúar 1966.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1965.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna.

Aðildarríkin,

sem álíta að það sé æskilegt að auðvelda ferðalög milli Norðurlandanna,

sem áður hafa algerlega afnumið vegabréfaskyldu fyrir ríkisborgara Norðurlandanna,

sem eru sammála um að leyfa útlendingum að ferðast beint frá einu landi til annars innan Norðurlandanna á landamærastöð, sem er viðurkennd til ferða inn í landið og til útlanda, án þess að vera háðir vegabréfaskoðun, og

sem vilja í meginatriðum stefna að því að samræma kröfur um vegabréfsáritun og vilja leitast við að koma á samræmdum venjum að því er snertir veitingu vegabréfaáritana fyrir verzlunarferðir, námsferðir, skemmtiferðir og aðrar ferðir, sem taka álíka skamman tíma, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Í þessum samningi er með orðinu útlendingur átt við hvern þann, sem er ekki ríkisborgari í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Með orðunum norræn ríki eða Norðurlöndin er í þessum samningi átt við Danmörku (að Grænlandi og Færeyjum undanteknum), Finnland, Noreg (að Svalbarða og Jan Mayen undanteknum) og Svíþjóð.

Með orðunum norræn útmörk er í þessum samningi átt við:

a) landamæri milli norræns ríkis og ríkis utan Norðurlandanna,

b) flugvöll í norrænu ríki, sem hefur reglulegar flugsamgöngur við ríki utan Norðurlandanna,

c) höfn í norrænu ríki, sem hefur reglulegar skipa- eða ferjusamgöngur við ríki utan Norðurlandanna,

d) höfn eða flugvöll í norrænu ríki, sem skip og flugvélar frá ríki utan Norðurlandanna koma óreglulega til, eða þaðan sem skip eða flugvélar fara til ríkis utan Norðurlandanna.

2. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna á að framkvæma vegabréfaskoðun við hin norrænu útmörk sín. Vegabréfaskoðunina skal framkvæma í samræmi við þau fyrirmæli, sem gefin eru í fylgiskjali nr. 1 við þennan samning.

Öll aðildarríkin eiga að nota skráningarspjöld (komuspjöld og brottfararspjöld) sem hjálpargögn við eftirlit með:

a) útlendingum með vegabréf, sem eru áritunarskyld í einhverju aðildarríkjanna, ef þetta aðildarríki krefst skráningarspjalda.

b) útlendingum, sem eitthvert aðildarríkjanna hefur, í sambandi við ákvörðun um brottvísun úr landi, tilkynnt bann við að komi aftur til þess ríkis, án sérstaks leyfis.

Skráningarspjöldin (komuspjöld og brottfararspjöld) skulu, bæði að því er snertir stærð og innihald, vera eins og sagt er til um í fylgiskjali nr. 2.

3. gr.

Það ríki, sem komið er til, skal geyma komuspjaldið. Geti útlendingurinn, samkvæmt leyfi, sem skráð er í vegabréfið, dvalið í öðru norrænu ríki í lengri tíma en 3 mánuði, skal senda þessu ríki komuspjaldið. Ef það sést af vegabréfinu, að útlendingurinn hefur fengið slíkt leyfi hjá fleirum Norðurlandanna, á að senda komuspjaldið til þess ríkis, þar sem leyfið rennur síðast út.

Ef eitt aðildarríkjanna leyfir útlendingi að dveljast í því ríki lengur en þrjá mánuði, eftir að útrunninn er sá dvalartími, sem leyfður var við komuna til einhvers Norðurlandanna, á að senda spjaldið til þess ríkis.

Því ríki, sem geymir skráningarspjaldið, er skylt að hafa eftirlit með því, að ekki sé dvalizt lengur en leyfilegt er. Brottfararspjaldið skal senda því ríki, sem hefur með höndum eftirlit með hlutaðeigandi útlendingi, þegar hann fer úr landi.

4. gr.

Vilji eitthvert aðildarríkjanna afnema eða koma á áritunarskyldu á vegabréf gagnvart ríki utan Norðurlandanna eða gera aðrar verulegar breytingar á samkomulagi sínu um áritanir við ríki utan Norðurlandanna, skal hið fyrrnefnda ríki fyrirfram tilkynna aðildarríkjunum um hinar fyrirhuguðu ráðstafanir, svo framarlega sem ekki eru brýnar ástæður fyrir hendi, sem gera það nauðsynlegt að framkvæma þessar ráðstafanir strax. Ef svo stendur á, skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um framkvæmd þessara ráðstafana eins fljótt og auðið er, þegar þeim er lokið.

Það, sem sagt er í 1. málsgrein, á einnig við um setningu annarra almennra ákvæða um komu og brottför útlendinga og dvöl í hlutaðeigandi ríki.

5. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna skal krefjast þess, að útlendingur, sem ber vegabréf, sem ekki er áritunarskylt, og óskar að dveljast í hlutaðeigandi ríki lengur en 3 mánuði, eftir að hann er kominn inn í norrænt ríki frá ríki utan Norðurlandanna, skuli sækja um dvalarleyfi í því norræna ríki, sem hann dvelst í, þegar þriggja mánaða tímabilið rennur út.

Hafi útlendingur fengið dvalarleyfi í norrænu ríki, gildir leyfið aðeins fyrir dvöl í því ríki. Innan þess tímabils, sem dvalarleyfið gildir fyrir, skulu hin aðildarríkin, þar sem útlendingurinn er ekki skyldur til að útvega sér áritun á vegabréf

sitt, leyfa honum að dvelja í landinu í 3 mánuði án dvalarleyfis. Þetta á ekki við, ef útlendingurinn ætlar að dvelja í ríkinu lengri tíma en þessa 3 mánuði eða hyggst leita eftir atvinnu eða taka við starfi eða reka sjálfstæðan atvinnurekstur þar, svo framarlega sem þess er krafizt samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi ríkis að sækja skuli um dvalarleyfi fyrr en við lok þriggja mánaða tímabilsins.

Þegar beitt er ákvæðum í 1. málsgrein, skal telja það tímabil, sem dvalarleyfis er ekki krafizt fyrir, frá og með komudegi, þó skal, ef útlendingurinn hefur, áður en hann kom síðast inn í landið, dvalizt í norrænu ríki, draga frá því tímabili, sem hann má dvelja þar án dvalarleyfis, það tímabil, sem útlendingurinn hefur dvalizt í norrænu ríki á síðustu 6 mánuðum, áður en hann síðast kom til landsins.

Þegar beitt er ákvæðum í 2. málsgrein, skal telja það tímabil, sem dvalarleyfis er ekki krafizt fyrir, frá og með komudegi í hlutaðeigandi ríki, þó skal, ef útlendingurinn hefur, áður en hann síðast kom til landsins, dvalizt áður í þessu landi, draga frá því tímabili, sem hann má dvelja þar án dvalarleyfis, það tímabil, sem útlendingurinn hefur dvalizt í þessu landi á síðustu 6 mánuðum, áður en hann síðast kom til landsins.

6. gr.

Aðildarríkin eiga að vísa burt við hin norrænu útmörk sín sérhverjum útlendingi,

a) sem ekki hefur í höndum gilt vegabréf eða annað ferðaskírteini, sem hlutaðeigandi yfirvöld í aðildarríkjunum geta viðurkennt, sem gilt vegabréf,
b) sem hvorki hefur nauðsynlegt leyfi til að fara inn í hlutaðeigandi ríki eða vinna þar, né slík leyfi í hinu eða hinum norrænu ríkjunum, sem útlendingurinn ætlar að ferðast til,
c) sem álíta verður, að hvorki hafi nauðsynlegt fé til að dvelja í þessu ríki né þeim öðrum aðildarríkjanna, þar sem hann ætlar að dveljast, ásamt fé til heimferðarinnar,
d) sem álíta verður, að ekki muni vinna fyrir sér á heiðarlegan hátt.
e) sem áður hefur verið dæmdur til fangelsisvistar, og gera má ráð fyrir að muni fremja hegningarverðan verknað í norrænu ríki, eða sem vegna fyrri athafna sinna eða af öðrum ástæðum má búast við að muni fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða óleyfilegt fréttastarf í einhverju aðildarríkjanna,
f) sem í einhverju aðildarríkjanna er færður á skrá yfir útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi.

Að öðru leyti er hægt að hafna hvaða útlendingi sem er, þegar af öðrum ástæðum á ekki að veita honum leyfi til að koma inn í eitt eða fleiri af aðildarríkjunum.

Ákvæðin í bókstafsliðunum b)—f) eiga ekki við um útlending, sem ætlar að ferðast til eins af aðildarríkjunum, sem hann hefur leyfi til að ferðast til, eða þar sem hann hefur dvalarleyfi, sem gefur honum heimild til að koma inn í það land.

7. gr.

Ákvæðin í 2. og 6. grein eiga ekki við um útlendinga sem koma frá ríki utan Norðurlandanna, sem einn af áhöfn skips. Ákvæðið í 2. grein á heldur ekki við um útlendinga, sem ferðast til ríkis utan Norðurlandanna, sem einn af áhöfn skips. Þó skal við komuna til landsins fara með útlending, sem kemur frá ríki utan Norðurlandanna, og er einn af áhöfn skips, og er afskráður í norrænu ríki, samkvæmt ákvæðunum í 2. og 6. grein. Enn fremur skal við brottförina fara með útlending, sem í norrænu ríki er skráður á skip, sem er ekki eingöngu í ferðum milli norrænna ríkja, í sambandi við reglurnar í 2. grein.

Hvert um sig af aðildarríkjunum á rétt á því að ákveða, að maður af áhöfn skips megi án sérstaks leyfis dvelja í landi, meðan skipið dvelur í höfn vanalegan tíma.

Ákvæði þessarar greinar eiga á sama hátt við um fólk, sem tilheyrir útlendri áhöfn flugvélar.

8. gr.

Ef eitthvert aðildarríkjanna gerir af handahófi athugun á ferðamanni við landamæri sín og annars norræns ríkis, má gera útlendingi það að skyldu að sýna vegabréf sitt og gefa þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Sérhvert aðildarríkjanna getur við landamæri að öðru aðildarríki hafnað hvaða útlendingi sem er, sem ekki hefur leyfi til að fara inn í hlutaðeigandi ríki.

9. gr.

Aðildarríki má ekki leyfa útlendingi, sem annað aðildarríki hefur vísað úr landi, að koma inn í landið án sérstaks leyfis. Slíks leyfis er þó ekki krafizt, ef aðildarríkið vill senda útlending, sem það hefur vísað úr landi, gegnum yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

Hafi útlendingur, sem vísað hefur verið úr landi í einu Norðurlandanna, dvalarleyfi í einhverju af hinum Norðurlöndunum, er síðarnefnda landið skyldugt til að taka við útlendingnum, ef þess er óskað.

10. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna skuldbindur sig til að taka aftur við útlendingi, sem í samræmi við 6. grein, bókstafsliðina a) og b), að því er snertir leyfi til að koma inn í landið, eða samkvæmt bókstafslið f) hefði átt að vera hafnað af hlutaðeigandi ríki við útmörk þess, og sem án leyfis hefur ferðazt frá þessu ríki til annars norræns ríkis.

Sömuleiðis skuldbindur sérhvert aðildarríkjanna sig til þess að taka aftur við útlendingi, sem án fullgilds vegabréfs og án sérstaks leyfis, þar sem þess er krafizt, hefur ferðazt beint frá hlutaðeigandi ríki til annars norræns ríkis.

Þær reglur, sem eru gefnar í 1. og 2. málsgrein, eiga ekki við um útlending, sem dvalizt hefur í því ríki, sem krefst endursendingar, í að minnsta kosti 1 ár talið frá þeim tíma, þegar hann á ólöglegan hátt kom inn í ríkið, eða sem eftir að vera kominn ólöglega inn í ríkið, hefur fengið dvalar- og/eða vinnuleyfi þar.

11. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna skuldbindur sig til að veita hinum aðildarríkjunum upplýsingar og framkvæma leit í samræmi við þær reglur, sem gefnar eru í 3. fylgiskjali við þennan samning.

12. gr.

Það, sem í þessum samningi er tilgreint um útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi, á einnig við um útlendinga, sem samkvæmt finnskum eða sænskum lögum „förvisats“ eða „förpassats“ og hefur verið bannað að koma aftur án sérstaks leyfis.

13. gr.

Í þeim tilgangi að samræma eftirlitið með útlendingum í aðildarríkjunum og að öðru leyti bera fram og ræða atriði, sem snerta hið sameiginlega vegabréfaeftirlitssvæði á Norðurlöndunum, skal skipa samvinnunefnd (Det nordiske udlændingsudvalg). Í nefndinni skal eiga sæti einn fulltrúi fyrir hvert aðildarríkjanna. Fulltrúarnir geta kvatt sérfróða menn sér til aðstoðar, ef nauðsyn krefur.

14. gr.

Að undangengnum samningum getur ríkisstjórn Íslands gerzt aðili að þessum samningi. Að undangengnum samningum má einnig bæta því ákvæði við þennan samning, að hann nái til Færeyja og Grænlands.

15. gr.

Samninginn skal fullgilda og koma fullgildingarskjölunum fyrir í Kaupmannahöfn til geymslu.

Samningurinn öðlast gildi strax og öllum fullgildingarskjölum hefur verið komið fyrir til geymslu, þó ekki fyrr en 1. janúar 1958.

Sérhvert aðildarríkjanna getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.

Sérhvert aðildarríkjanna getur fyrirvaralaust fellt samninginn úr gildi, að því er snertir eitt eða fleiri af hinum ríkjunum, þegar stríð kemur eða hætta er á stríði, eða ef sérstakar aðstæður aðrar, annaðhvort í því ríki sjálfu eða erlendis, gera þetta nauðsynlegt. Þegar svo stendur á, skal tafarlaust tilkynna ríkisstjórnum hinna ríkjanna um þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar.

Til staðfestingar á ofanrituðu hafa fulltrúar hlutaðeigandi ríkja undirskrifað samninginn og sett innsigli sitt undir.

Gert í Kaupmannahöfn 12. júlí 1957 í eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skal danska utanríkisráðuneytið fá ríkisstjórnum hinna aðildarríkjanna staðfest afrit.

Fylgiskjal I.

Almennar leiðbeiningarreglur fyrir vegabréfaeftirlit.

Eftirlit með komu og brottför ferðamanna skal við landamæri framkvæma á þeim vegabréfaskoðunarstöðvum, sem þar eru staðsettar. Ferðamönnum í járnbrautarlestum má einnig veita vegabréfaskoðun á meðan járnbrautarlest er á ferð að landamærum eða frá. Farþegum skipa og flugvéla skal veita vegabréfaskoðun í þeirri Norðurlandahöfn eða -flughöfn, þar sem farþegi fer um borð eða frá borði. Þegar farþegi til ríkis utan Norðurlandanna fer um hafnir eða flugvelli innan Norðurlandanna, skal í síðustu Norðurlandahöfn eða -flughöfn líta eftir því, að hann hafi hlotið brottfararafgreiðslu.

Við framkvæmd komueftirlits skal vegabréfaeftirlitsmaður grandskoða vegabréfið og veita sérstaka athygli gildistíma þess, svo og hvort það gildi fyrir það eða þau Norðurlandanna, sem vegabréfshafi ætlar sér að heimsækja, og enn fremur, að vegabréfshafi sé sami maður og vegabréfið er gefið út til handa. Honum ber enn fremur að athuga, að vegabréfið kann að vera falskt eða falsað. Sé krafizt komuleyfis, ber honum að ganga úr skugga um, að það sé fyrir hendi, og gæta þess, að ferðamaður afhendi komuspjald þar sem þess er krafizt, eða veiti þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til útfyllingar spjaldinu. Vegabréfaeftirlitsmaður skal enn fremur rannsaka, hvort ferðamaður er færður í einhverju aðildarríkjanna á skrá um útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi. Slíkt eftirlit þarf þó ekki að framkvæma, að því er varðar menn, sem eiga heima á landamærasvæðinu, né aðra menn, sem eru vegabréfaeftirlitsmönnum vel kunnugir, né heldur að því er varðar menn, sem augljóst er um, að slíks eftirlits gerist ekki þörf. Vegabréfaeftirlitsmanni ber einnig að gefa gaum gildandi komusynjunarákvæðum og, svo framarlega sem ástæða þykir til þess, að spyrja ferðamenn eða gera aðrar ráðstafanir til að skera úr um, hvort heimila skuli landgöngu. Sé landganga heimiluð, er vegabréfið stimplað með komustimpli, er sýni dagsetningu og heiti eftirlitsstaðar. Sé ferðmanni synjað um landgöngu, má skrá áritun um það í vegabréf hans.

Við brottfarareftirlit ber vegabréfaeftirlitsmanni að grandskoða vegabréfð og, ef sérstök ástæða þykir til, að rannsaka, hvort lýst hefur verið eftir ferðamanni, eða hvort ástæða er til af öðrum sökum að hefta brottför hans. Sé brottför leyfð, er vegabréf ferðamannsins stimplað með brottfararstimpli, er sýni heiti brottfararstaðar og dagsetningu.

Fylgiskjal II.

Eftirlit við komu og brottför.

Eyðublað fyrir komu- og brottfararspjald skal gert í tveim hlutum samföstum um rifgötun. Annar hlutinn er komuspjald, en hinn hlutinn brottfararspjald. Hvor hluti um sig skal vera í sömu stærð, 105×148 mm. Eyðublaðið skal prentað á hvítan kartonpappír og að öðru leyti vera með því efni og af þeirri gerð, er að neðan greinir:

Á komuspjald ber vegabréfaeftirlitsmanni að stimpla með komustimpli og rita upphafsstafi heitis í ríki því, sem samkvæmt ákvæðum 3. greinar ber að varðveita spjaldið (D: Danmörk, F: Finnlandi, N: Noregur og S: Svíþjóð). Jafnframt skal gera sams konar merkingu á vegabréfið og brottfararspjaldið.

Við brottför skal stimpla brottfararspjaldið með brottfararstimpli og rita upphafsstaf heitis þess ríkis, sem senda ber spjaldið til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

Framsendingu á spjaldi ber að framkvæma fljótt og með þeim hætti, sem hverju ríki þykir hentugast fyrir sitt leyti.

Brottfararspjaldið ber ferðamanni að varðveita í vegabréfi sínu, á meðan hann dveldur á Norðurlöndum.

Notið stóra upphafsstafi! En grands caractères latins! In block letters! In Blockschrift!	Föðurnafn — Nom de famille — Surname — Familienname
Ríkisborgararéttur — Nationalité actuelle — Citizenship — Staatsangehörigkeit	Skírnarnafn (-nöfn) — Tous les prénoms — Cristian names in full — Sämtliche Vornamen
Vegabréfsnúmer — Numéro du passeport — Number of passport — Passnummer	Fæðingardagur og ár — Né(e) le — Date of birth — Geboren am
Ásamt ..... börnum Enfants qui accompagnent l'intéressé: Number of accompanying children: Anzahl der mitfolgenden Kinder:	Fæðingarstaður — Lieu de naissance — Place of birth — Geburtsort
Útfyllist af vegabréfaeftirlitinu Leyfi fyrir	Atvinna — Profession — Occupation — Beruf
Danmark ..... Finland ..... Norge ..... Sverige	Komustimpill

C 7

Notið stóra upphafsstafi! En grands caractères latins! In block letters! In Blockschrift!	Föðurnafn — Nom de famille — Surname — Familienname U
Ríkisborgararéttur — Nationalité actuelle — Citizenship — Staatsangehörigkeit	Skírnarnafn (-nöfn) — Tous les prénoms — Cristian names in full — Sämtliche Vornamen
Vegabréfsnúmer — Numéro du passeport — Number of passport — Passnummer	Fæðingardagur og ár — Né(e) le — Date of birth — Geboren am
Ásamt ..... börnum Enfants qui accompagnent l'intéressé: Number of accompanying children: Anzahl der mitfolgenden Kinder:	Fæðingarstaður — Lieu de naissance — Place of birth — Geburtsort
Brottfararstimpill	Komustimpill

Fylgiskjal III.

LEIÐBEININGAR UM TILKYNNINGAR OG LEIT MILLI HINNA ÝMSU RÍKJA

I. Tilkynningar.

Aðildarríkin skulu senda hvert öðru tilkynningar í þeim tilvikum, er að neðan greinir:

1. Þegar útlendingur, er um ræðir í 2. grein a) og b) sækir, á meðan hann dvelst í norrænu ríki, um framlengingu vegabréfsáritunar eða um dvalarleyfi í öðru ríki en því, sem er eftirlitsskylt (eftirlitsríkinu), ber því ríki, sem tekur við umsókninni að tilkynna eftirlitsríkinu það. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina, ber að skýra eftirlitsríkinu frá niðurstöðunni. Ef umsókn er tekin til greina, og það hefur í för með sér, að eftirlitið samkvæmt ákvæðum 3. greinar færist yfir til þess ríkis, sem veitt hefur leyfið, skal það jafnframt tilkynnt.

   Ef slíkum útlendingi er, án þess að honum sé veitt leyfi, haldið eftir eða ef honum er leyfð áframhaldandi dvöl í öðru landi en í eftirlitslandinu, ber einnig að tilkynna síðastnefndu landi það.
2. Ef útlendingur, sem um ræðir í 1. tölulið og dvelur í norrænu ríki, fær vegabréfsáritun í fyrsta skipti um leyfi til dvalar í öðru norrænu ríki, skal það ríki, sem leyfið veitir, tilkynna eftirlitsríkinu það. Ef umsókn um vegabréfsáritun er tekin til greina, og það hefur í för með sér, að eftirlitið færist yfir til þess ríkis, er veitt hefur leyfið, skal jafnframt staðfesta það.

3. Ef útlendingi, sem vísað hefur verið brott úr einhverju hinna norrænu ríkja, er veitt komuleyfi til annars norræns ríkis, skal ríkið tilkynna það því eða þeim ríkjum, sem útlendingnum hefur verið vísað brott úr.
4. Hafi norrænt ríki með flutningstilkynningu eða á annan hátt fengið vitneskju um, að útlendingur hafi ferðazt til annars norræns ríkis til þess að dveljast þar til frambúðar, ber að tilkynna síðarnefndu ríki það.
5. Ef útlendingur, annar en þeir, er um getur í 1. tölulið, sækir um dvalarleyfi í norrænu ríki og hefur dvalarleyfi í öðru norrænu ríki eða hefur haft það skömmu áður, ber að tilkynna það síðarnefndu ríki.
6. Í tilkynningu um, að útlendingur óskast færður í skrár hinna ríkjanna um útlendinga, sem vísað hefur verið brott eða strikaður út af þeim skrám, skal eftir því sem við verður komið greina í stuttu máli ástæðuna til þess.

II. Leit.

A. Útlendingar, sem skila skulu eftirlitsspjaldi.

Ef brottfararspjald berst eigi eftirlitsríki í tæka tíð, og tilkynning er eigi heldur fyrir hendi um, að útlendingurinn hafi sótt um leyfi til að dveljast í einhverju hinna norrænu ríkja, skal eftirlitsríkið gera ráðstafanir til að framkvæma leit að útlendingnum. Fyrst í stað skal beina fyrirspurn um útlendinginn til þess ríkis, þar sem líklegt er, að hann dvelji samkvæmt gögnum, er fyrir liggja. Skorti gögn um útlendinginn í því ríki, sem fyrirspurnin beinist til, og eigi er heldur líklegt, að hann dvelji í eftirlitsríkinu, skal halda áfram leitinni með fyrirspurnum til hinna norrænu ríkjanna. Ef útlendingurinn finnst í einhverju ríkjanna, eða ef fram koma upplýsingar, er gera það líklegt, að hann hafi yfirgefið norrænu ríkin, ber án tafar að skýra öllum ríkjum, sem fyrirspurnum hefur verið beint til, frá því.

Leit skal framkvæma:

1. með beinni fyrirspurn til einstaks ríkis innan viku frá því að leyfi er fallið úr gildi,
2. en að öðru leyti,
   a) ef um er að ræða útlending, sem er skyldugur til að hafa vegabréfsáritun til allra Norðurlandanna eða útlending, er um ræðir í 9. grein en er ekki vegabréfsáritunarskyldur, sem hefur sérstakt komuleyfi til eins eða fleiri hinna norrænu ríkja, innan 14 daga frá því að það leyfi, er lengst gilti, féll úr gildi,
   b) ef um er að ræða útlending, sem aðeins er skyldugur til að hafa vegabréfsáritun til einstaks eða einstakra Norðurlandanna, innan 4 mánaða frá komu til norræns ríkis.

Í fyrirspurn skal greina upplýsingar um nafn útlendingsins, fæðingardag og ár, fæðingarstað, ríkisfang og starf, komudag til norræns ríkis, vegabréfsáritanir eða leyfi, svo og aðrar upplýsingar, er máli skipta. Ríki, sem fengið hefur fyrirspurn varðandi útlending, ber tafarlaust að gera ráðstafanir til leitar að honum (lýsa eftir honum).

B. Útlendingar aðrir en þeir, er greinir í staflið A.

Samkvæmt beiðni frá aðildarríki er hinum ríkjunum skylt að framkvæma leit einnig að öðrum útlendingum en þeim, er greinir í staflið A. Leitin skal gerð tafarlaust, er beiðni um hana hefur komið fram.

Í beiðni um leit skal veita eins fullkomnar upplýsingar um útlendinginn og unnt er.

Fylgiskjal 2.

VIÐBÓTARBÓKUN

við samning frá 12. júlí 1957 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um afnám vegabréfaskoðunar við sameiginleg landamæri Norðurlanda.

Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð, sem hinn 12. júlí 1957, gerðu með sér samning um afnám vegabréfaskoðunar við hin sameiginlegu landamæri Norðurlanda, hafa orðið ásátt um eftirfarandi viðbót við samninginn:

1. gr.

Leiðbeiningar þær fyrir vegabréfaskoðunarmenn, er skráð eru í fylgiskjali 1 með samningnum, skal nota á samsvarandi hátt í þeim tilvikum, er nafnskírteini eru tekin gild sem vegabréf, þó þannig, að sleppa má komu- og brottfararstimplun.

2. gr.

Leiðbeiningareglur þær um brottvísun útlendinga við ytri landamæri Norðurlandanna, er skráðar eru í 6. grein samningsins, skal nota á samsvarandi hátt, þegar spurning rís um að fjarlægja útlending af yfirráðasvæði einhvers samningsríkjanna innan þess tíma, er ekki er krafizt dvalarleyfis.

3. gr.

Viðbótarbókun þessi gengur í gildi hinn 1. júní 1963.

Þessi til staðfestu hafa undirritaðir, er hafa til þess umboð, undirritað bókun þessa.

Gert í Kaupmannahöfn hinn 20. maí 1963 í einu eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku.

Eintak þetta er geymt í danska utanríkisráðuneytinu.

Staðfest eftirrit af viðbótarbókun þessari, skal sent hinum aðilunum frá danska utanríkisráðuneytinu.

Nr. 20. 27. desember 1965.

AUGLÝSING

um afnám Norðurlandasamnings um gagnkvæma endurviðtöku útlendinga, sem hafa komið ólöglega inn í eitthvert landanna.

Hinn 3. desember 1965 var undirritaður í Kaupmannahöfn samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um afnám samnings frá 14. júlí 1952 milli landa þessara um gagnkvæma endurviðtöku útlendinga, sem hafa komið ólöglega inn í eitthvert landanna.

Samningurinn, sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gengur í gildi hinn 1. janúar 1966.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1965.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.